

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
1	3.10.2017	Norðurorka	<p>a) Regnvatnslögn liggur á svæðinu þar sem nú er kastsvæði. Ekki er unnt að færa lögnina þar sem halli hennar leyfir aðeins stystu leið milli endabrunna. Endurgera þarf lögnina undir lóðina. Mikil einföldun væri í því að hafa einungis einn lóðarhafa fyrir nýbyggingarnar. Kostnaður vegna framkvæmdarinnar fellur á Akureyrarbæ eða lóðarhafa. Kvöð verður að vera á lagnaleiðinni sem og um ofangreint fyrirkomulag við úthlutun. Það er neyðarbrauð að vera með almenna lögn undir byggingum, hvað þá nýbyggingum. Bilanir geta haft veruleg neikvæð áhrif á byggingar og lóðir.</p> <p>b) Aðrar veitulagnir: Norðurorka áætla að allar heimlagnir komi að lóðunum frá Skarðshlíð og inn götuna að húsunum. Um lagnaleið eftir götunni þarf að vera kvöð og einnig þarf gatan að vera tilbúin snemma til að unnt sé að leggja heimlagnir veitna að húsunum.</p> <p>c) Skarðshlíð neðan Melgerðisás - Norðurorka mun við hönnun lagna mögulega þurfa kvöð um nýja lagnaleið við Skarðshlíð 35 frá Skarðshlíð til vesturs upp á Melgerðisásinn. Endanleg lagnaleið mun skýrast við endanlega hönnun veitukerfisins.</p> <p>d) Ennfremur er ekki ljóst hvernig núverandi fráveitulögnum er háttað frá Hjarðarholti að Skarðshlíð, þær kunna að liggja undir byggingarreit 35.</p> <p>e) Melgerðisás - Ánægjulegt er að lagnaleiðir</p>	Deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar	<p>a og b) Skipulagsráð hefur tekið ákvörðun um að fresta deiliskipulagi þessa hluta svæðisins þar sem uppbygging viðkomandi svæðis er háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja. (Þessi texti er í samræmi við texta í AA18-30).</p> <p>c og d) Óskað er eftir að Norðurorka finni nákvæma staðsetningu frárennslislagar frá Hjarðarholti. Í lóðasamningum er sú kvöð á lóðum að Akureyrarbær er heimilt að leggja um þær lagnir. Ef til þess kemur eftir endanlega hönnun að þörf verði á lagnaleið um lóðir skal það ekki skerða þá byggingarreiti sem sýndir eru á skipulagi.</p> <p>e) <i>Bent er á að</i> sveigja þarf fram hjá klöpp inn á svæði Þórs á kafla, en ánægjulegt að nýttar verði blágrænar ofanvatnslausnir.</p> <p>f) Akureyrarbær gerir fyrirvara um kostnaðarskiptingu vegna færslu lagna.</p>

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
			verði í stíg að baki húsanna. Ekki er gert ráð fyrir regnvatnslögnum í götuna á sjálfum Melgerðisásnum og því verði nýttar blágrænar ofanvatnslausnir við götuhönnunina. f) Norðurorka áréttar að ef færa þarf veitulagnir vegna úthlutunar nýrra lóða til húsbygginga fellur kostnaður á þann er óskar breytinganna, eftir atvikum á Akureyrarbæ eða lóðarhafa.		
2	11.10.2017	Minjastofnun Íslands	Ekki er gerð athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.	Þórssvæðið	Gefur ekki tilefni til svars.
3	22.09.2017	ÍBA	Eftir að hafa ráðfært okkur við þau íþróttafélög sem málið snertir er niðurstaða ÍBA sú að gera engar athugasemdir við deiliskipulagið.	Þórssvæðið	Gefur ekki tilefni til svars.
4	8.10.2017	UFA	a) UFA er sátt við þá grunnstaðsetningu sem lögð er til. Nauðsynlegt er að koma upp grindverki og að frágangur kastbúra sé með þeim hætti að öryggi iðkenda á svæðinu sé tryggt. UFA og Þór þurfa einnig að ræða sín á milli hvort æskilegt sé að kastæfingar og knattspyrnuæfingar fari ekki fram á sama tíma.	Þórssvæðið	a, b og c) Skipulagsráð hefur tekið ákvörðun um að fresta deiliskipulagsbreytingu íþróttasvæðis Þórs þar sem uppbygging viðkomandi svæðis er háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja. (Þessi texti er í samræmi við texta í AA18-30) d) Ekki er um að ræða athugasemd við

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
			<p>b) Stjórn UFA leggur á það ríka áherslu að kastsvæði það sem hér er gert ráð fyrir verði að fullu frágengið áður en núverandi kastsvæði við Skarðshlíð verður aflagt.</p> <p>c) Ekki er ástæða til að komið verði upp kúluvarpshring á þeim stað sem gert er ráð fyrir skv. teikningu. Réttara er að farið verði í viðhald á þeim hringjum sem fyrir eru. Með því skapast svigrúm til að færa kastsvæðið aðeins til suðurs. Óskað er eftir að kúluvarpshring fyrir yngri iðkendur verði þar sem nú er gengið af hlaupabratinni og inn á fyrirhugað kastsvæði.</p> <p>d) Óskað er eftir upplýsingum um hvort enn séu uppi hugmyndir hjá Akureyrarbæ um að koma upp frjálsíþróttahúsi í bænum og, ef svo er, hvar er gert ráð fyrir að það rísi.</p>		skipulagstillöguna og gefur því ekki tilefni til svars.
5	28.09.2017	Frístundaráð	<p>a) Ekki er gerð athugasemd við framkomna tillögu svo framarlega sem hún er unnin í samráði við íþróttafélögin Þór og UFA</p> <p>b) Lögð var fram bókun um að ekki væri ráðlagt að breyta deiliskipulagi í íbúabyggð á núverandi kastsvæði. Ekki er enn búið að ákveða hver næstu skref verða í þróun íþróttasvæðisins. Á meðan slíkt er óljóst er óskynsamlegt að þrengja að íþróttasvæðinu.</p>	Deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar Þórssvæðið	a og b) Skipulagsráð hefur tekið ákvörðun um að fresta deiliskipulagsbreytingu íþróttasvæðis Þórs ásamt kastsvæði þar sem uppbygging viðkomandi svæðis er háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja.
6	25.10.2017	Vegagerðin	a) Hávaði frá umferð við húsveg nýrrar blokkar í Skarðshlíð (F6) getur verið um eða yfir hávaðamörkum. Bent er á að viðbúið er að hávaði aukist í framtíðinni með aukinni umferð og kröfur fólks um minni hávaða aukist. Bent er á að gluggahliðar íbúðarblokkar svo nálægt vegi geti verið neikvæði til lengri tíma.	Deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar	<p>a) Gerð er krafa um að byggingatæknilegar lausnir verði notaðar við hönnun byggingar vegna hljóðvistar.</p> <p>b) Ekki er gert ráð fyrir útivist á þeim bílastæðum sem snúa að Hörgárbraut og því ekki þörf á hljóðveggjum.</p> <p>c) Gefur ekki tilefni til svars.</p>

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
			<p>b) Bent er á að gera þarf ráð fyrir plássi fyrir hljóðvarnir utan við öryggissvæði vegar. Vegagerðin tekur ekki þátt í kostnaði við hljóðvarnir.</p> <p>c) Bílastæði sömu blokkar (F6) er innan veghelgunarsvæðis en utan tvöfalds öryggissvæðis. Vegagerðin getur því samþykkt stæðin innan veghelgunarsvæðisins en það helst áfram jafn stórt þrátt fyrir það.</p>		
7	25.10.2017	Íþróttafélagið Þór	<p>a) Íþróttafélagið hafnar breytingunni á aðalskipulagi þar sem verið er að taka hluta af svæði félagsins fyrir kastsvæði UFA.</p> <p>b) Starfshópur um framtíðaruppbyggingu á og við Þórssvæðið skilar tillögum sínum fyrir árslok 2017.</p>	Aðalskipulagsbreyting	a og b) Skipulagsráð hefur ákveðið að falla frá auglýstri aðalskipulagsbreytingu, þar sem hún er samhljóða tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem er í staðfestingarferli.
8	25.10.2017	Íþróttafélagið Þór	<p>a) Akureyrarbær er að taka hluta af svæði félagsins eignarnámi til að koma fyrir kastsvæði UFA án nokkurra bóta</p> <p>b) Samþykktar eru breytingar á bílastæði á Þórssvæðinu.</p> <p>c) Starfshópur um framtíðaruppbyggingu á og við Þórssvæðið skilar tillögum sínum fyrir árslok 2017.</p> <p>d) Ekki er sjáanlegt hvernig á að útfæra færslu á fótboltavöllunum án þess að leggja niður ökuleið meðfram Boganum. Ítrekaður er sá möguleiki að leggja af þann hluta ökuleiðarinnar.</p> <p>e) Ekki hefur félaginu verið kynnt hvernig útfæra eigi öryggi kringum kastsvæðið.</p>	Þórssvæðið	a til e) Skipulagsráð hefur tekið ákvörðun um að fresta deiliskipulagi á núverandi kastsvæði og deiliskipulagsbreytingu íþróttasvæðis Þórs þar sem uppbygging viðkomandi svæðis er háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja.
9	8.11.2017	Minjastofnun Íslands	Setja þarf skilyrði í deiliskipulag að lóðir E1 og E3 verði ekki auglýstar til úthlutunar fyrr en athugun á meintum minjum hefur farið fram í samráði við minjavörð.	Melgerðisás	Í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er viðkomandi svæði skilyrt fyrir samfélagsþjónustu í stað íbúðabyggðar. Eru þessar lóðir því teknar út úr

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
					deiliskipulagi.

Athugasemdir við deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar

1	4. 9. 2017	Óðinn Árnason	<p>Gerðar eru athugasemdir við tillögu að fjórbýli á lóð Sunnuhvals.</p> <p>a) Gerð er athugasemd að eigendum hafi ekki verið tilkynnt fyrir huguð byggingaráform.</p> <p>b) Fjölbýlið er illa staðsett og skerðir friðhelgi, verðgildi og skerðir útsýni.</p> <p>c) Fjölbýlið er ekki í takti við nærliggjandi byggingar.</p> <p>d) Í aðalskipulagi segir að við þéttingu byggðar verði litið til svæða sem ekki eru í notkun. Svæðið sem um ræðir er í notkun.</p> <p>e) Ólíklegt er að fjórbýlið verði eftirsóknarverður kostur fyrir byggingaverktaka eða íbúa.</p> <p>f) Í grenndarkynningu að breyttri aðkomu að Sunnuhvoli var undirskriftarlisti frá íbúum Litluhlíðar þar sem þeir fóru fram á að ekki yrðu fleiri íbúðarhús reist á lóð Sunnuhvals vegna aukinnar umferðar.</p> <p>g) Byggingarleyfi er fyrir geymsluhúsnæði sem þyrfti að rífa ef byggt yrði skv. núverandi tillögu.</p> <p>h) Efasemdir eru um að Akureyrarbær geti tekið erfðafestuna eignarnámi.</p> <p>i) Sunnuhvoll er til sölu en væntanlegir kaupendur drógu tilboð sín til baka vegna tillögunnar.</p> <p>j) Viðbygging þarfnast viðgerðar eða niðurrifs. Áform voru uppi um að byggja nýja</p>	Deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar	<p>a) Skipulagsáform fóru í gegnum lögbundið kynningar og auglýsingaferli.</p> <p>b) Talið er að í þéttbýli megi alltaf búast við skerðingu á þessum þáttum, og þetta atriði er alltaf matskennt.</p> <p>c) Byggingin er í takti við þá byggð sem tillagan geri ráð fyrir á kastsvæðinu, en uppbygging þess svæðis er háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja.</p> <p>d) Ef gefið hefur verið út byggingarleyfi fyrir fasteign á erfðafestu ber okkur að kaupa upp fasteignin.</p> <p>e) Ekki eru færð rök fyrir þessari athugasemd og hefur verið skortur á fjölbýlishúsum í þessum bæjarhluta undanfarin ár.</p> <p>f) Skipulag er ekki meitlað í stein og má búast við breytingum á því.</p> <p>g) Ef gefið hefur verið út byggingarleyfi fyrir fasteign á erfðafestu ber okkur að kaupa upp fasteignin.</p> <p>h) Í erfðafestusamningum Akureyrarbæjar eru ákvæði um að bærinn geti innleyst þær með vísan til skipulags. Því þarf ekki að fara í eignarnám, nema ekki takist að semja um mat á erfðafestunni. Í erfðafestusamningum eru einnig ákvæði um að erfðafestur skal meta</p>
---	------------	---------------	--	---	---

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
			viðbyggingu með bílskúr. Þau áform ganga ekki eftir ef verður að tillögunni. k) Betra væri að byggja við norðurenda lóðarinnar eða við suðurenda með aðgengi frá Skarðshlíð. l) Óskað er eftir að tekið verði tillit til byggingarréttar fyrir fyrir viðbyggingu skv. meðfylgjandi drögum.		eftir ræktun og ástandi girðinga. Það er það sem verðmatið grundvallast á. Ef gefið hefur verið út byggingarleyfi fyrir fasteign á erfðafestu ber okkur að kaupa upp fasteignin. i) sjá svar við lið f. j) Ekki var byggingarreitur fyrir viðbyggingu enda ekki til deiliskipulag fyrir svæðið áður. k) Tillögunni er vísað til skipulagshönnuðar til frekari skoðunar. l) Sjá svar við athugasemd nr. 6. a til l) Skipulagsráð hefur tekið ákvörðun um að fresta deiliskipulagi þessa hluta svæðisins.
2	10.10.2017	Alexander Benediktsson	Alexander lýsir yfir ánægju sinni við deiliskipulagið. Hljóðmengun frá Glerárskóla á ekki að vera neikvæð fyrir fyrirhugaða byggð.	Deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar	Gefur ekki tilefni til svars
3	4. 10.2017	Guðmundur Kristján Óskarsson	Gera þarf göngustíg meðfram Þórsvæðinu, neðan Melgerðisás, hið fyrsta vegna umferðaröryggis skólabarna. Stígurinn þarf að vera kominn áður en farið verður í byggingarframkvæmdir á Melgerðisásnum.	Deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar	Skipulagsráð tekur undir áhyggjur bréfitara og leggur áherslu á að við upphaf framkvæmda verði gerð átæun sem tryggi öryggi vegfarenda á framkvæmdatíma um dsvæðið. Tekið er frá svæði fyrir stíg neðan við Melgerðisás og gæti það svæði mögulega verið notað sem bráðabirgðaleið fyrir börnin.
4	22.10.2017	Ólafur Kjartansson	Gerð er sú tillaga að stígur sem yrði hluti af aðalstígum fyrir reiðhjól í samgöngukerfi Akureyrar verði lagður vestan undir Melgerðisásnum á flatanum meðfram Þórsvæðinu.	Deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar	Tekið er frá svæði fyrir stíg neðan við Melgerðisás.
5	25.10.2017	Ágúst Lárusson	Gerðar eru athugasemdir við: a) Parhús við norðurenda kvenfélagslundar	Deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar	a) Skipulag á þessum svæðum eru í samræmi við stefnu bæjarins um

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
			<p>og blokkar norðan hans. Þessi svæði eru í mikilli notkun skóla, leikskóla og íbúum bæjarins.</p> <p>b) Verið er að koma fyrir húsum á lóð Glerárskóla með byggingu á klöppum við Glerárskóla og að Þórssvæði. Svæðið er notað til útivistar og minnkar þetta möguleika skólans til stækkunar.</p> <p>c) Verið er að veða að uppbyggingarstarfi Þórs með byggingu norðan Þórssvæðisins eða Skarðshlíðar. Svæðið er nú þegar að verða of lítið fyrir alla þá starfsemi sem er á svæðinu.</p> <p>d) Tillagan kemur sveitarfélaginu ekki til góða í framtíðinni því verið er að taka síðustu grænu svæðin í Glerárhverfi. Þétting byggðar erlendis fellst í því að rífa gömul hús eða hverfi og byggja ný og hærrí.</p>	Aðalskipulagsbreyting	<p>þéttingu byggðar.</p> <p>b) Í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er viðkomandi svæði skilyrt fyrir samfélagsþjónustu í stað íbúðabyggðar. Eru tvær syðstu lóðirnar á Melgerðisás því teknar út úr deiliskipulagi.</p> <p>c) Skipulagsráð hefur tekið ákvörðun um að fresta deiliskipulagi á núverandi kastsvæði þar sem uppbygging viðkomandi svæðis er háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja.</p> <p>d) Ekki er tekið undir þessa athugasemd þar sem næg græn svæði eru eftir í þessu hverfi.</p>
6	25.10.2017	Kristbjörg Sigurðardóttir og Óli Björn Einarsson	<p>Kristbjörg og Óli eru nýir eigendur Sunnuhvals og gera eftirfarandi athugasemdir:</p> <p>a) Fjögurra íbúða hús á lóð Sunnuhvals skerðir friðhelgi íbúa Sunnuhvals og eyðileggja þá sérstöðu sem staðsetning hússins hefur.</p> <p>b) Staðsetning hússins kemur í veg fyrir mögulega viðbyggingu við Sunnuhvol s.s. byggingu bílskúrs sem þau höfðu hugsað sér að sækja um leyfi síðar.</p> <p>c) Leyfi er fyrir garðskúr þar sem byggingin á að koma.</p> <p>d) Skilyrt var að hálfu eigenda íbúa í Litluhlíð þegar leitað var eftir samþykki fyrir breyttri aðkomu að Sunnuhvoli, að ekki yrði byggt meira á svæðinu.</p>	Deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar	<p>a) Talið er að í þéttbýli megi alltaf búast við skerðingu á þessum þáttum, og þetta atriði er alltaf matskennt.</p> <p>b) Ekki hafði verið sótt um þessi áform við gerð deiliskipulagsins.</p> <p>c) Ef gefið hefur verið út byggingarleyfi fyrir fasteign á erfðafestu ber bænum að kaupa upp fasteignina.</p> <p>d) Skipulag er ekki meitlað í stein og má búast við breytingum á því.</p> <p>e) Í erfðafestusamningum Akureyrarbæjar eru ákvæði um að bærinn geti innleyst þær með vísan til skipulags.</p> <p>f) Sjá svar í lið e.</p> <p>g) Skipulagsáform fór í gegnum lögbundið kynningar og auglýsingaferli.</p>

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
			<p>e) Svæðið sem um ræðir er í notkun íbúa í Sunnuhvoli.</p> <p>f) Erfðafestusamningar eru í eðli sínu óuppsegjanlegt leiguform.</p> <p>g) Ef talið er nauðsynlegt að nýta lóðina á einhvern hátt til þéttingar byggðar er óskað eftir því að samráð verði haft við eigendur Sunnuhvols um gerð og staðsetningu húsa.</p> <p>h) Viðbót við athugasemd þeirra barst 4. janúar þar sem óskað er eftir byggingarreit á lóð Sunnuhvols fyrir allt að 100 m² viðbyggingu á einni hæð norðan við húsið.</p>		<p>h) Verður skoðað í samhengi við ákvörðun um fjögurra íbúða húsið. a til h) Skipulagsráð hefur tekið ákvörðun um að fresta deiliskipulagi þessa hluta svæðisins.</p>
7	20.10.2017	Jónas Valdimarsson og Hanna Björg Héðinsdóttir	<p>Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:</p> <p>a) Árið 1982 var ákveðið að lóðamörkin fyrir Melgerði væru dregin 15-20 m sunnan við húsgafl. Núverandi lóð nær 17 m til suðurs og hefur verið hirt frá 1982. Sunnan 17m línunar er bakki og í um 19m fjarlægð frá húsi má finna leifar gammallar girðingar. Því er það mjög ósanngjarnt að draga mörkin 15m frá húsi.</p> <p>b) Gerð er ný tillaga að númeringu húsanna á Melgerðisásnum.</p> <p>c) Óskað er eftir að byggingarreitur bílskúrsins við Melgerði verði skilgreindur rúmur fyrir 40 m² bílskúr.</p> <p>d) Bílastæði í götunni eru of fá. Gerð er tillaga að mögulegum lausnum.</p> <p>e) Teygjanleg orð eru notuð í greinargerð til að minnka jarðrask og varðveita klappir. Kveða þarf fastar að orði.</p> <p>f) Kvenfélagsreiturinn er andlit Hliðahverfis. Lagt er til að fyrirhuguð lóð verði felld niður</p>	Deiliskipulag Melgerðisás og Skarðshlíðar	<p>a) Tillaga skipulagsstjóra frá 1982 er unnin við allt aðrar aðstæður en ríkjandi eru í dag og verður því ekki höfð til viðmiðunar. Ekki liggur fyrir neinn lóðarsamningur sem festir þetta í sessi. Telja verður að 15 metrar frá húsi sé ríflegt, og ekki er hentugt að ganga á breidd næstu fyrirhugaðra lóða. Ekki er því hægt að fallast á tillögu um 17 metra.</p> <p>b) Fallist er á tillögu að númeringu húsa á Melgerðisásnum og þau númeruð norðanfrá.</p> <p>c) Skipulagsráð hafnar stækkun byggingarreits að lóðamörkum þar sem ekki er ákjósanlegt að byggingaframkvæmdir hafi áhrif á nágrannalóð en felld á stækkun byggingareits til suðurs þannig að hann verði jafn langt frá lóðamörkum eins og byggingarreitur á lóðinni sunnan við.</p> <p>d) Tekið er undir athugasemdina og</p>

Nr.	Dags.	Bréfitari	Efni – ágríp	Stikkorð	Svar - niðurstaða
			og garðurinn stækkaður niður að Skarðshlíðinni og auka útivistargildi hans.		skipulagsráð samþykkir að bætt verði við fjórum samsíða stæðum. e) Tekið er undir athugasemdina og orðalagi breytt á þann hátt að klappir skulu vera eðlilegur hluti af lóðinni og umhverfinu. f) Skipulag á þessu svæði er í samræmi við stefnu bæjarins um þéttingu byggðar. Ekki talið að húsið muni hafa áhrif á núverandi nýtingu reitsins.
8	25.10.2017	Starfsfólk Giljaskóla	a) Fyrirhugaðar byggingar á lóðum E1 og E3 austan Glerárskóla skerðir leiksvæði Glerárskóla verulega. b) Nemendur Glerárskóla nota Kvenfélagsreitinn sem útikennslustofu. Ekki æskilegt að börnin þyrftu að fara á milli húsa til að komast þangað.	Deiliskipulag Melgerðisáss og Skarðshlíðar Aðalskipulagsbreyting	a) Lóðirnar verða felldar út úr skipulagi. b) Aðgengi að Kvenfélagsreitnum er tryggt með stígatengingu.
9	1.8.2017	Sigrún Olsen og Þórir Barðdal	Óskað er eftir að byggingarreiturinn fyrir bílskúr og vinnustofu við Melgerði 2 verði færður norðar til að ekki þurfi að skerða trjálund á lóðinni.	Deiliskipulag Melgerðisáss og Skarðshlíðar	Skipulagsráð samþykkir umbeðna breytingu á tillögu að skipulagi.